



Nefndarsvið Alþingis

Þórshöfn 26. október 2018

**Efni: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um samgönguáætlun áætlun til fimm ára 2019-2023 mál nr. 172 og um samgönguáætlun fyrir árin 2019-2033 nr. 173**

Umsögn sveitarstjórnar Langanesbyggðar bókuð á 90. fundi hennar 25. október 2018

*Um leið og sveitarstjórn fagnar því að nú skuli hilla undir að lagt verði bundið slitlag á Langanesströnd þá mótmælir sveitarstjórn Langanesbyggðar því harðlega að ekki skuli vera gert ráð fyrir lúkningu vegabóta á Brekknaheiði fyrr en á öðru tímabili samgönguáætlunar. Sveitarstjórn leggur á það mikla áherslu að öllu verkefninu verði fundinn staður á fyrsta tímabili áætlunar enda er vegurinn bæði stofnvegur og eina samgönguleiðin á milli þeirra tveggja byggðakjarna sem í sveitarfélaginu eru. Í ljósi þeirra erfiðleika sem nú steðja að Bakkafirði og að í samgönguáætlun er áréttað að Bakkafjörður og Þórshöfn séu eitt vinnusóknarsvæði þá er það sveitarstjórn undrunarefni að ekki skuli áætlað að ljúka gerð bundins slitlags á leiðinni milli umræddra byggðakjarna fyrr en raun ber vitni. Sveitarstjórn bendir einnig á að í aðdraganda sameiningar Skeggastaðahrepps og Þórshafnarhrepps árið 2006 kom skýrt fram hjá stjórnámálamönnum og ráðuneytum að forsenda farsællar sameiningar væri vegur með bundnu slitlagi á milli byggðakjarna sameinaðs sveitarfélags. Síðan eru tólf ár og ekkert bundið slitlag.*

*Það er álit sveitarstjórnar Langanesbyggðar að hægt sé að leggja veg um Brekknaheiði með minni tilkostnaði en áætlun vegagerðarinnar gerir ráð fyrir. Sú skoðun sveitarstjórnar byggir á því að velja annað vegstæði en nú er á aðalskipulagi. Sveitarstjórn lýsir sig tilbúna til samtals við ríkið og Vegagerðina um hagkvæmari kosti.*

Fundargerðina má nálgast á vef sveitarfélagsins

Virðingarfyllst  
f.h. Langanesbyggðar

Elías Pétursson, sveitarstjóri

Bréfi þetta er sent með tölvupósti á nefndarsvið Alþingis í netfangið [nefndasvid@althingi.is](mailto:nefndasvid@althingi.is)